

## Fundur Foreldraráðs VÍ í Verzlunarskólanum 30. október 2013

Mættir: Björk Ragnarsdóttir, Sigurður Örn Eiríksson, Elín Thorarensen, Hlaðgerður Íris Björnsdóttir, Unnur Ingólfssdóttir, Þórdís Guðmundsdóttir, Auður Einarsdóttir og Lena Kristín Lenharðsdóttir.

- 1) **Heilsueflandi framhaldsskólar.** Þemað í ár er geðrækt. Fjórir dagar sem teknir verða í þetta málefni sérstaklega.  
Í október var geðræktardagur, í nóvember var þemað einelti, í febrúar verður gleði og forvarnardagur og í mars hamingjudagur. Fyrir forvarnardaginn í febrúar þarf Foreldraráðið að finna fyrirlesara. Námsráðgjafar, kennarar, nemendur og foreldrar eiga fulltrúa í stýrihópi um Heilsueflandi framhaldsskóla. Fulltrúi Foreldraráðsins er Þórdís Guðmundsdóttir.  
Mikil ánægja var með hugleiðslu í október þar sem farið var í allar stofur og lagt fyrir verkefni. Áttunda nóvember var svo leynivínadagur, þar sem nemendur voru dregnir saman og áttu að gefa „orð“ en alls ekki kaupa neitt. Þann dag er hefð fyrir því að allir nemendur og starfsmenn skólans séu í betri klæðnaði. Fimmta febrúar verður gleði og forvarnir í sviðsljósinu og 20. mars er Alþjóðlegi hamingjudagurinn en þá mun Nemendafélagið sjá til þess að allir verði hamingjusamir. Næsti fundur stýrihópsins verður fljótlega eftir áramót.  
Foreldraráðið mun auglýsa eftir fyrirlesara úr hópi foreldra fyrir forvarnardaginn 5. febrúar á fésbókinni og/eða vefriti VÍ. Óska eftir ábendingum frá foreldrum.
- 2) **Verkaskipting stjórnar 2013 – 2014.**  
Auður Einarsdóttir útkallsstjóri  
Díana Arnfjörð meðstjórnandi  
Elín Thorarensen formaður og fulltrúi foreldra í skólanefnd.  
Björk Ragnarsdóttir ritari  
Hlaðgerður Íris Björnsdóttir meðstjórnandi  
Lena K. Lenharðsdóttir fésbókin og útkallsstjóri  
Sigurður Örn Eiríksson meðstjórnandi  
Unnur Ingólfssdóttir gjaldkeri  
Þórdís Guðmundsdóttir Heilsueflandi framhaldsskóli  
Netfang: [foreldrafelag@verslo.is](mailto:foreldrafelag@verslo.is)
- 3) **Fundur með skólastjórnendum í nóvember.**
  - a) Námsefni í dönsku og tengsl þess við markmið Heilsueflandi framhaldsskóla?
  - b) Hvernig er staðið að kynlífs og jafnréttisfræðslu í VÍ?
  - c) Námsárangur nemenda, fall almennt og í einstökum fögum (t.d. spænsku í vor)
  - d) Eru til reglur um vinskap kennara og nemenda á Fésbókinni?
  - e) Upplýsingar til nemenda í upphafi áfanga um til hvers er ætlast og uppbyggingu lokaprófs. Að prófið endurspeglir námsefni vetrarins.
  - f) Frammistöðumat kennara, hvernig fer það fram og hvernig er unnið úr því?
  - g) Námsefni í stærðfræði. Eru nemendur að nota besta fáanlega námsefnið?
  - h) Gíróseðill vegna skólagjalda. Hvaða reglur gilda um hver fær greiðsluseðil inn á heimabanka? Fá nemendur undir 18 ára aldri reikninginn inn á sinn heimabanka?
- 4) **Önnur mál**  
Foreldraráðið fékk fyrirspurn frá foreldri um hvort skoða eigi að kaupa flísteppi til að hafa hand nemendum í ballröðinni. Eftir umræðu þá var foreldraráðið sammála því að frekar ætti að kanna hvernig staðið er að fatageymslu og hvað veldur að nemendur taka ekki með sér

yfirhafnir. Einnig að hvetja foreldra, t.d. á Fésbókinni, til að fá nemendur til að klæða sig betur.

Sagt var frá síðasta fundi skólanefndar þar sem umræðan var þriggja ára nám í VÍ. Skólastjórnendur Kvennaskólans komu á fundinn til að kynna hvernig staðið var að því að breyta þeim skóla í 3 ára kerfi. Vinna við þessar breytingar í VÍ mun fara af stað í vetur.

Fundi slitið.

Næsti fundur 28.nóvember klukkan 17:30, í VÍ.

Lena Lenharðsdóttir fráfarandi ritari.